

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Kristján Þór Júlíusson ráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2021

Efni: Tímarammi vegna úthlutunar tollkvóta fyrir búvörur frá ríkjum Evrópusambandsins

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til tilkynningar á vefsíðu ráðuneytisins 30. apríl sl. um niðurstöður útboðs á tollkvóta fyrir búvörur frá ríkjum Evrópusambandsins vegna tímabilsins 1. maí til 15. september. FA vísar ennfremur til erindis síns til ráðuneytisins 6. apríl sl. og svarbréfs ráðuneytisins frá 16. apríl.

Að mati FA er allsendis óviðunandi að innflutningsheimildum sé úthlutað daginn áður en þær eiga að taka gildi. Í erindi sínu til ráðuneytisins vakti félagið athygli á að í þetta stefndi vegna þess hve auglýsing um tollkvóta birtist seint og benti á að þetta hefði þau áhrif að stór hluti kvótatímabilsins nýttist ekki. Innflytjendur panta eðlilega oft ekki vörur nema þeir fái úthlutað tollkvóta. Nokkrar vikur líða frá því að vörur eru pantaðar og þar til þær eru komnar á lager. Gera má ráð fyrir að vörur, sem pantaðar eru í dag, fyrsta virka daginn sem tollkvótinn er í gildi, skili sér inn á lager innflutningsfyrirtækja á tímabilinu 25. maí til 14. júní.

Auk þessa gerði FA athugasemdir við að frestur til að sækja um tollkvóta væri auglýstur rétt fyrir stórhátíð, sem gæfi innflytjendum minni tíma til að vinna umsóknir sínar.

Við síðarnefnda atriðinu brást ráðuneytið í svarbréfi sínu 16. apríl og sagðist myndu auglýsa með betri fyrirvara þegar frídagar væru á umsóknartímabili. Við fyrri ábendingunni var hins vegar ekki brugðizt með skýrum hætti og vill FA því ítreka hana hér. Félagið fer þess á leit að ráðuneytið endurskoði verklag sitt við auglýsingu og úthlutun tollkvóta þannig að ferlið fari fram með mun betri fyrirvara og *úthlutun kvóta liggja fyrir ekki síðar en þremur vikum fyrir upphaf úthlutunartímabils*.

Með því móti má stuðla að því að starfsumhverfi innflutnings búvöru sé stöðugra og fyrirsjáanlegra. Eins og FA benti á í fyrra erindi sínu ganga aðgerðir stjórnvalda sem hefta og takmarka innflutning gegn tvíhliða samningi Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með búvörur. Ráðuneytið hlýtur því að leitast við að fyrirkomulagið sé sem skilvirkast.

Í ljósi ofanritaðs ítrekar FA þá kröfu að ráðuneytið veiti a.m.k. eins mánaðar framlengingu á nýtingu tollkvóta sem úthlutað hefur verið vegna tímabilsins 1. maí til 15. september.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA